

16. fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 25, mars, kl.20:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, formaður, Arnar Ólafsson, varaformaður, Einar Ólafsson, ritari, og Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Sæunn Viggósdóttir fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla, Karen Jóhannsdóttir fulltrúi tækninefndar í hóp fimleikum, Hlín Bjarnadóttir fulltrúi tækninefndar kvenna, Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar Jafnframt sat fundinn, Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála og Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri fræðslumála.

Mál milli funda

1. Íslandsmót í þrepum

Fimleikasamband Íslands ákvað að fresta Íslandsmóti í þrepum sem halda átti helgina 22-23 mars sl. á Akureyri vegna ófærðar. Í samráði við mótshaldara mun 5-3 þrep keppa helgina 4-6 apríl nk. á Akureyri. Mótshluti 1-2 þreps verður hins vegar haldinn í Ármanni sunnudaginn 23. mars eftir hádegi.

2. Lið sem unnu sér inn þátttökurétt á Norðurlandamóti juniora

Á 5.fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 27.ágúst var samþykkt að „til að tryggja sér þátttökurétt á Norðurlandamóti unglunga sem fram fer í Reykjavík í apríl 2014, þarf að taka þátt í þeim verkefnum sem eru á mótaskrá Fimleikasambandsins fyrir keppnistímabilið 2013-2014. Tvö mót í mótariðinni telja til stiga í keppninni um sæti á mótinu, tvö lið í 1. flokki karla, kvenna og blönduðum flokki geta unnið sér inn þátttökurétt á mótinu.

Mót 3 – Íslandsmót unglunga – 21. Febrúar, 1. sæti – 7 stig, 2. sæti – 5 stig, 3. sæti – 3 stig, 4. sæti – 1 stig.

Mót 4 – Bikarmót í hóp fimleikum – 15. Mars, 1. sæti – 7 stig, 2. sæti – 5 stig, 3. sæti – 3 stig, 4. sæti – 1 stig“

Eftir bikarmót í hóp fimleikum sem haldið var helgina 15-16 mars á Selfossi var ljóst að þau lið sem unnu sér inn þátttökurétt samkvæmt fyrrgreindum skilyrðum eru: stúlkna lið Stjórnunnar og stúlkna lið Gerplu og í mis flokki unglina: mixlið Gerplu og mixlið Selfoss.

Stjórn Fimleikasambandsins óskar liðunum innilega til hamingju með þátttökuréttinn og hlakkar til að fylgjast með árangri á mótinu sem fer fram daganna 13-14 apríl nk. í Garðabæ.

Dagskrá

1. Tokyo 2020 erindi frá tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum dagsett 6. mars 2014.

Verkefnið Tokyo 2020 miðar að því að ná keppanda eða keppendum á Ólympíuleika 2020 í áhaldafimleikum kvenna.

Erindi frá tækninefnd kvenna frestað frá fundi stjórnar 10. mars sl. Landsliðsþjálfarar í áhaldafimleikum kvenna, tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna og samstarfshópur óska eftir því að stjórn FSÍ taki eftirfarandi erindi og fjárhagsáætlun fyrir. Hugmynd og forvinna að verkefninu úrvalshópar í áhaldafimleikum og tillaga að nýju verkefni „Tokyo 2020“ var kynnt að hluta á stjórnarfundi í janúar 2014 og í kjölfarið óskaði stjórn frekari útfærslu á verkefninu.

Vilji er fyrir því í áhaldafimleikum kvenna að FSÍ vinni markvisst út frá afreksstefnu, að frekari þróun og uppbyggingu í greininni til að viðhalda og ná betri árangri á alþjóða vettvangi. Til að hægt sé að vinna að því þá þarf reglubundna samvinnu FSÍ og félaganna, með úrvalshópa á öllum stigum, bæði til að auka árangur iðkenda og gæði þjálfunar. Því er nú óskað eftir því að FSÍ setji langtímamarkmið hvað varðar árangur á alþjóðlegum mótum. Slíkt felur m.a. í sér aukna fagvinnu og aukið fjármagn til að ná settu marki.

Málið rætt:

Stjórn samþykkir að ráðist verði í þetta áhugaverða verkefni og felur sviðstjóra landsliðsmála að setja málið í farveg.

2 Íslenski fimleikastiginn þrepum náð í áhaldafimleikum kvenna.

Á 8 fundi tækninefndar kvenna haldinn miðvikudaginn 13. febrúar sl. var eftirfarandi samþykkt gerð:

Tækninefnd hefur ákveðið þau stig sem þarf til þess að ná þrepi í Íslenska fimleikastiganum.

- 1.þrep = 48 stig
- 2.þrep = 48 stig
- 3.þrep = 54 stig
- 4.þrep = 54 stig
- 5.þrep = 56 stig

Bókun: Stjórn FSÍ staðfestir samþykkt þessa og óskar þeim iðkendum sem náð hafa tilætludum árangri innilega til hamingju með árangurinn á nýliðnu keppnistímabili.

3 Íslenski fimleikastiginn þrepum náð í áhaldafimleikum karla.

Í pósti frá formanni tækninefndar karla dagsett 17. febrúar sl. kemur fram ákvörðun tækninefndar um stigafjölda til að ná þrepi Íslenska fimleikastigans í áhaldafimleikum karla..

- 1.þrep = viðurkennt við 18 ára aldur eða þegar viðkomandi hefur keppt eftir almennum reglum FIG.
- 2.þrep = 72 stig
- 3.þrep = 81 stig
- 4.þrep = 81 stig
- 5.þrep = 75 stig

Íslandsmót í þrepum; Að lágmarki hæðstu 10 keppendur í fjölþraut á haust, Þrepa eða Bikarmóti komast inn á Íslandsmót í 5., 4. og 3. þrepi. Hafri keppandi í 2. eða 1.þrepi keppt í fjölþraut að hausti, Þrepa eða Bikarmóti þá fær sá keppandi þátttökurétt á Íslandsmóti í þrepum. Allir þeir sem ná þrepinu sínu fá þátttökurétt á Íslandsmót.

Bókun: Stjórn FSÍ staðfestir samþykkt þessa og óskar þeim iðkendum sem náð hafa tilætludum árangri innilega til hamingju með árangurinn á nýliðnu keppnistímabili.

4 Fyrirspurn frá tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum.

Efni: Staða á ýmsum málum

Á fundi 18.febrúar með starfsmönnum FSÍ fóru tækninefndir í áhaldafimleikum yfir ýmis mál sem tengjast starfseminni ásamt því að benda á ákveðin atriði í tölvupóstsamskiptum. Við óskum eftir því að fá upplýsingar um hvar þessi mál standa.

1. Dómarabók og dómaraskírteini

TKV hefur óskað eftir dómaraskírteinum í rúm tvö ár. Hvar stendur sú vinna ?

2. Fræðslunefnd

Hefur verið boðaður fundur ?

3. Verkferlar fyrir mót/viðburði sambandsins

T.d að tryggja sambærilega umfjöllun fyrir og eftir mót.

4. Nánari skilgreining á störfum starfsmanna á skrifstofu

T.d í hverju fellst starf sviðstjóra fræðslumála fyrir utan skipulag móta?

5. Áætlun fyrir úrvalshópa

Liggur hún fyrir og er aðgengileg á vef sambandsins ?

Stjórn FSÍ þakkar tækninefnd kvenna fyrir og felur formanni að svara þessum spurningum svo fljótt sem auðið er.

Til kynningar

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal – 104 Reykjavík
s: 514-4060, fax 514-4061, fsi@isisport.is
www.fimleikasamband.is

Drög að ferðareglum FSÍ

Bókun frá tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum. „Síðastliðnar vikur hafa málefni hvað varðar fararstjóra í ferðum á vegum sambandsins verið mikið í umræðunni milli TKV, stjórnar og sviðstjóra landsliðsmála. Rætt hefur verið um hvaða atriði þau telji mikilvæg þegar kemur að þessu vali og að fararstjóri gegni gríðarlega mikilvægu hlutverki og að hann sé skipaður í allar ferðir á vegum sambandsins. Að gefnu tilefni spyrjum við. Hvers vegna er ekki sendur fararstjóri í landsliðsverkefni Cottbus og Berlin Cup U-14 ?

Nefndin hefur ekki verið sammála stjórn hvernig staðið hefur verið að vali á fararstjóra og óskar eftir því að þeir ferlar verði endurskoðaðir og að þessi umræða verði tekin fyrir á þingi FSÍ í vor. „

Fundi slitið kl